

**Nr. 128 / 13 Fróði ÞH 81****Ásigling á rekald og leki**

Skipaskr.nr. 2438  
Smíðaður: Hafnarfjörður 2000, plast  
Stærð: 7,75 brl. 8,28 bt.  
Mesta lengd: 9,83 m Skráð lengd: 9,5 m  
Breidd: 2,96 m Dýpt: 1,21 m  
Vél: Yanmar 276 kW, 2000  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNS



Fróði©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasynti

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. ágúst 2013 var Fróði ÞH 81 á siglingu í Bakkaflóadýpi. Veður: Logn, sólskin.

Eftir að veiðunum lauk var haldið til hafnar en skömmu seinna var siglt á rekaviðardrumb á stað 66°20,61N og 013°55,25V með þeim afleiðingum að gat kom á stafnhylki (perustefni). Leki kom að framrými sem austurdæla réði vel við og bátnum var siglt til hafnar á Bakkafirði.

**Við rannsókn kom fram:**

- að ganghraðinn var 8 hnútar;
- að skipstjóri sagðist alltaf halda góðan vörð á siglingu en þrátt fyrir það hafi hann ekki séð drumbinn fyrir en eftir áreksturinn. Eftir áreksturinn kom drumburinn úr kafi og maraði í yfirborðinu;
- að sögn skipstjóra sást drumburinn ekki í ratsjá eftir áreksturinn. Hann treysti sér ekki til að taka hann í tog til hafnar vegna stærðar og aðvaraði því nærstadda báta og tilkynnti um hann til VSS;
- að eftir að komið var í land kom í ljós smá gat á perunni og var dælt úr henni og síðan var því lokað til bráðabirgða. Seinna kom í ljós að sprunga hafði komið á aðra blindplötu gamals bógskrúfurörs sem olli smá leka inn í lúkar.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.